



Próunarverkefnið

Leikur, nám og gleði

Samstarfsverkefni Gullborgar, Grandaborgar og Ægisborgar



Anna Magnea Hreinsdóttir - HÍ
20. maí 2023

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Leikur, nám og gleði	3
Framkvæmd verkefnisins	8
Greinargerð um notkun styrkfjár	11
Næstu skref	11
Afrakstur og kynning	12
Heimildir	13

Inngangur

Markmið verkefnisins var að undirstrika mikilvægi leiksins sem meginnámsleiðar barna með áherslu á hlutverk og stuðning kennara og annars starfsfólks, námsumhverfi sem styður við leik og að börnin hafi tækifæri til að læra hvert af öðru. Tilgangurinn er að festa starfshætti í sessi sem ganga út frá því að leikurinn sé meginnámsleið barnanna. Hugað var að hlutverki kennara, skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Verkefnið endurspeglar áherslu menntastefnunnar á fagmennsku og samstarf leikskólanna og aukna þátttöku barna og virkni í leikskólastarfinu. Einnig á sjálfseflingu og félagsfærni þar sem leikskólastarf á að byggja á leik sem meginnámsleið barna. Til að ná þessum markmiðum var lögð áhersla á að styrkja starfsfólk leikskólanna með þátttöku í fræðslu og umræðu um hvernig hægt er að leggja frekari áherslu á leik sem meginnámsleið barna.

Leikskólarnir Grandaborg, Gullborg og Ægisborg hafa átt í samstarfi á síðastliðnum árum. Má í því sambandi nefna þróunarverkefnið Læsi í leiðinni sem unnið var árin 2015-2017 í samstarfi leikskólanna við Grandaskóla. Samstarf skólanna hefur verið ánægjulegt og hafa kennarar leikskólanna lært margt af hver öðrum. Leikskólarnir sáu hag í því að halda samstarfinu áfram og þróa starfshætti í anda starfendarannsókna og lærdómssamfélagsins. Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem hefur m.a. sérhæft sig í leik sem helstu námsleið barna, lýðræðislegar starfsaðferðir og þátttöku barna í leikskólastarfi sá um fræðslu.


Í leikskólunum starfa samtals um 65 kennarar og annað starfsfólk sem hefur haft ávinning af því að fræðast og ræða um hlutverk sitt í leik barna og hvernig best er að styðja við hann. Áskorunin er ávallt sú að reglulega er þörf á að undirstrika mikilvægi leiksins sem helstu námsleið ungra barna og að starfsfólkið, námsumhverfið og barnahópurinn styðji við nám í leik. Margt ungt fólk starfar í leikskólunum sem hefur litla reynslu af leikskólastarfi sem þarf að fræða um mikilvægi leiksins, hlutverk starfsfólks í leik barna og námsumhverfisins. Verkefnið hefur leitt af sér aukna þekkingu starfsfólks á aðferðum sem styðja við sjálfseflingu og félagsfærni barna með kerfisbundnum vinnubrögðum í flæðandi starfi leikskólanna, aukin þátttaka barna í leikskólastarfi og aukinn áhrifamáttur sjónarmiða þeirra í daglegu starfi.



Leikur, nám og gleði

Rík hefur er fyrir leik í íslenskum leikskólum og litið er svo á að börn læri í gegnum leik. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) má greina áherslu á tengsl leiks og náms. Fjallað er um tengsl leiks og námssviða leikskólans og það hlutverk leikskólakennara að styðja við nám barna í gegnum leik. Samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns er leikur einn af grundvallarréttindum barna. Kennarar og annað starfsfólk þarf því að hafa djúpan skilning á námi og leik barna, átta sig á því hvernig samþætta á nám og leik á námssviðum leikskólans og stunda sífella starfsþróun á vettvangi og í félagsskap barna. Huga þarf sérstaklega að því að leikskólinn komi til móts við þarfir margbreytilegs barnahóps. Hlutverk fullorðinna er lykilatriði þegar kemur að námi í leik og hvernig stutt er við þróun leiksins. Þar vegur einnig jafningjamening og barnahópurinn þungt, en börn læra hvert af öðru ekki síður en af fullorðnum (Corsaro, 2005). Jafnvægi þarf að ríkja í sveigjanleika og skipulagi og eiga kennarar og annað starfsfólk að fylgjast með, skrá og læra af leik barnanna og endurskipuleggja leikaðstæður og stuðning út frá því sem fram kemur í skráningum. Einnig er mikilvægt að byggja nám á áhugasviði barna fremur en eigin markmiðum (Wood, 2014).

Með það að markmiði að styrkja kennara og annað starfsfólk skóla í að vinna að fagmennsku að því að efla þátttöku og virkni barna, sjálfsefningu og félagsfærni í leik og daglegu starfi fólst verkefnið í því að gefa starfsfólkinu kost á að fræðast og ræða saman um leik sem meginnámsleið barna. Hlutverk starfsfólksins er lykilatriði þegar kemur að námi í leik og hvernig stutt er við þróun leiksins og er mikilvægt að það fylgist með og skrái hugmyndir barna og tilgátur í leik, ígrundi þær og skipuleggi leikumhverfi þeirra með tilliti til áhuga þeirra, athafnakosta og þann tíma sem flæði tekur að myndast í leik. Samkvæmt menntastefnu Reykjavíkurborgar á fagmennska og samstarf að vera í öndvegi í leikskólum. Hlutverk kennara og annars starfsfólks leikskóla er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennings- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2018). Til þess þarf hæfni kennara og annars starfsfólks að vera bæði hagnýt og fræðileg, fagleg og persónuleg (Wood, 2014). Fagmennska byggir að stórum hluta á stöðugri ígrundun eigin starfshátta með það fyrir augum að bæta starfið og þróa. Pollard og félagar (2002) útskýra ferli ígrundunar þannig að áherslan er á markmið í starfinu og það skoðað á fordómalaus og víðsýnan hátt í samtali við samstarfsfólk, þar sem rýnt er í starfshætti og starfsfólk er meðvitað um hvenær breytingar eiga við og hvenær ekki. Rannsóknir sýna að ígrundandi starfshættir eru valdeflandi og auka sjálfstraust, hæfni og trú kennara og annars starfsfólks á sig sem fagmann. Þá eru ákvarðanir og starfshættir byggðir á þekkingu, ígrundun og greiningu á markmiðum og forsendum skólustarfs. Rannsóknir sýna einnig að stuðningur og hvatning frá samstarfsfólki er mikilvægur í starfi.



Mynd 1. Kubbasvæði

Námsumhverfið er oft nefnt þriðji kennarinn og getur það verið efni, staðir, hlutir og fólk. Því er mikilvægt fyrir kennara og annað starfsfólk að velta fyrir sér hvernig börn hugsa um umhverfið, hvaða aðgang þau hafa að því, hvaða tilgang leikefnið hefur, hvaða tíma tekur að leika sér með leikefnið og hvert samband barna er við ólík leikefni. Oft er talað um athafnakosti barna og möguleika umhverfis og er þá átt við fólk, hluti, tæki og leikefni, hvernig leikefnið er notað, hvernig hægt væri að nota það og hvernig leikefnið stuðlar að eða kemur í veg fyrir nám. Áhrif klukkunnar á skólastarf eru töluverð og hefur hún áhrif á barnahópinn, starfsfólk og á daglegt skipulag. Klukkan afmarkar viðfangsefni barna, allt frá komu þeirra í skólann, í matartímum, leiktíma og útiveru og yfir í kveðjustundina í lok dags. Klukkan tengist einnig fagmennsku kennara sem felst í skýru dagskipulagi og til dæmis vel skipulögðu hópastarfi og samverustundum. Á sama tíma kemur þetta sama skipulag í veg fyrir flæði í leik barna og dýpt (Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013). Starfsaðferðir leikskólanna sem taka þátt í verkefninu falla vel að kenningum Mihály Csíkszentmihályi (1990) um flæði, en það eru þær stundir sem við njótum okkar best. Þú ert niðursökkinn í athöfn og ekkert annað kemst að. Hlutirnir virðast gerast án áreynslu og hæfileikar þínir eru fullnýttir. Reynslan er gefandi og viðfangsefnið hvorki of létt né of erfitt.



Mynd 2. Dúkkur

Í þessu verkefni var gengið út frá því að börn séu hæf og sterk og eru kennarar og annað starfsfólk ferðafélagar barna í leit að merkingu. Með auknum skilningi á hugmyndum og tilgátum barna geta kennarar auðveldlega komið auga á og brugðist við á uppbyggilegan hátt þegar þeir fylgjast með hugsunum barna og námi, forvitni og furðu þegar þau upplifa og rannsaka hugmyndir sínar og könnun. Til að auka þátttöku barna og áhrif í leikskólunum var unnið með líkan Lundy (2007) sem byggir á fjórum viðmiðum (sjá mynd 3). Það fyrsta snýst um að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir og tjá þær. Annað viðmiðið fjallar um þátt starfsfólksins í að auðvelda börnum að tjá skoðanir sínar, veiti þeim viðeigandi upplýsingar og greiði fyrir því að þau láti í ljósi skoðanir sínar. Þriðja viðmiðið felst í að tryggja beri að hlustað sé á skoðanir barna, þ.e. að þeim sé komið á framfæri við aðila sem geta komið skoðunum þeirra í framkvæmd og fjórða viðmiðið snýst um þau áhrif sem raddir barna geta haft og að þær séu teknar alvarlega og brugðist sé við þeim.



Mynd 3. Líkan Lundy um þátttöku barna


Hagnýtar aðferðir voru einnig kynntar til að láta rödd barna heyrast, bregðast við henni og viðurkenna hæfni ungra barna til að láta skoðanir sínar í ljós (sjá mynd 4). Þær felast í þremur þrepum og vísar fyrsta þrepið til brota af viðhorfum sem börn og fullorðnir safna saman. Brotunum er hægt að safna saman með þátttökuathugunum, hópviðtölum, ljósmyndum, teikningum, skoðunarferðum og í leikaðstæðum. Hvert brot gefur þátttakendum færi á að kynnast viðhorfum barnanna eða reynslu þeirra af skólastarfi (sjá mynd 6). Annað þrepið felst í að safna þessum brotum saman með umræðu, ígrundun og túlkun starfsfólks og barna og þriðja þrepið snýst um að taka ákvarðanir um hvort breytinga er þörf, t.d. á skipulagi leikskólastarfs eða umhverfis (Clark og Moss, 2001). Þátttaka barna í leikskólastarfi krefst hlustunar, þar sem fullorðnir og börn hlusta hvert á annað og virða fjölbreytt sjónarmið (Rinaldi, 2006). Í skólastarfi sem byggist á slíkum hugmyndum um lýðræði eru kennarar í hlutverki hlustenda, vinna með börnum og taka sjálfir þátt í því sem er að gerast, til dæmis við gerð verkefna. Hugmyndir kennara og barna mætast og byggjast á áhuga beggja. Áhrif hlustunar geta komið fram á ólíkum stigum: Í fyrsta lagi bein áhrif á viðkomandi einstaklinga, í öðru lagi áhrif á viðkomandi leikskóla og í þriðja lagi á stjórnkerfið sjálft eða sveitarfélagið (Clark, McQuail og Moss, 2003).

Aðferð	
Athuganir	Vettvangsnótur
Viðtöl við börn	Stutt viðtöl við hópa eða einstaka barn
Ljósmyndir og bókagerð	Ljósmyndir barnanna af mikilvægum hlutum
Skoðunarferðir	Farið um útisvæðið undir leiðsögn barna - upptaka
Kortagerð	Kort gert af útisvæði eftir teikningum og ljósmyndum barnanna
Viðtöl við þátttakendur	Óformleg viðtöl við starfsfólk og aðra þátttakendur
Töfrateppið	Kynning á kunnugum stöðum og ókunnugum

Mynd 4. Aðferðir til að nálgast sjónarmið barna

Verkefnastjóri verkefnisins var Helena Jónsdóttir og var Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjunkt við Menntavísindsvið Háskóla Íslands í tengslum við fræðasamfélagið og sá um fræðslu ásamt samstarfsfólki á Menntavísindasviði. Byggt var á hugmyndum um að deildarstjórar og aðrir stjórnendur fái lesefni um viðkomandi þátt, taki þátt í umræðu þvert á leikskóla og geri áætlun um þróun starfsins í samráði við starfsfólk deilda. Síðan var fylgst með innleiðingaferlinu í anda starfendarannsóknna út frá áhersluþáttum hvers leikskóla og þróunin kynnt fyrir öðrum (sjá mynd 5).

Starfendarannsókn (e. action research) felst í því að byggt er á fagþekkingu kennara á vettvangi (Jóhanna Einarsdóttir, 2009). Um er að ræða ferli sem hentar vel til að halda utan um þróunarstarf. Þá skoða kennarar jafnt og þétt eigin starfsaðferðir með það að markmiði að bæta þær, finna nýjar og prófa sig áfram með nýjar aðferðir eða nálgun (McNiff, 2013). Lögð var áhersla á lærdómssamfélag jafningja og umræðum. Verkefni byggja á þeim fræðum sem stuðst er við í grunn- og framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum og helstu rannsóknum á sviðinu, innlendum sem erlendum. Lesefni var jöfnum höndum lagt fyrir starfsmannahópana og verkefni unnin milli þess sem reglulegir fræðslu- og umræðufundir voru haldnir.



Mynd 5. Ferli starfendarannsóknna

Framkvæmd verkefnisins

Leikskólarnir völdu sér áherslupætti í upphafi verkefnisins til að þróa, sjá töflu 1. Leikskólinn Laugasól bættist í hópinn með vorinu og verður með í áframhaldandi verkefni um leik, nám og gleði veturinn 2023-2024.

Tafla 1. Áherslupættir leikskólanna

Áherslupættir leikskólanna í þróunarverkefninu	
Gullborg	Grandaborg
Hlutverk starfsfólks í leik barna	Hlutverk starfsfólks í leik barna
Virgni starfsfólks í leik barna	Námsumhverfið
Uppeldisfræðilegar skráningar	
Kubbaleikur	
Samskipti kennara og barna	
Styrkleikar kennara	
Styrkleikar barna og þátttaka	
Ægisborg	Laugasól
Leikur og vinátta	Útinám
Hlutverk starfsfólks og virgni	Val barna á leik
Dagskipulagið	Samvinna og samstarf
Þátttaka barna	Sjónarmið barna

Sex mánaðarlegir tveggja tíma fundir voru skipulagðir með stjórnendum þar sem fram fór fræðsla og umræða um skilgreinda verkþætti. Á milli funda unnu stjórnendur verkefni með samstarfsfólki sem öll miðuðu að því að auka þátttöku barnanna í starfinu innan hvers leikskóla. Um fræðsluna sá Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Fundirnir voru haldnir í húsnaði Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnar, Þjóðarbókhöðunni og í fundaraðstöðu SFS í Borgartúni á eftirfarandi tímum:

19. ágúst 2022 - Tjörninn - frístundamiðstöð

Dagskrá:

- Morgunverður og spjall
- Kynning á þróunarverkefninu Leikur, nám og gleði og umræður í hópum
- Leikur sem meginnámsleið barna
- Starfendarannsóknir – val leikskóla á þáttum til að vinna að
- Gleði, gleði – óvæntur gestur

12. september 2022 - Tjörnin - frístundamiðstöð

Dagskrá:

- Morgunverður og spjall
- Kynning leikskóla á áhersluþáttum í verkefninu Leikur, nám og gleði
- Leikur og hlutverk fullorðinna í leik barna
- Umræður í hópum

27. október 2022 - Vindheimur – 7. hæð Borgartúni

Dagskrá:

- Morgunverður og spjall
- Hvernig gengur? - Kynning leikskóla á áhersluþáttum í verkefninu
- Barnahópurinn og jafningjamening – Vináttu og tengslakannanir
- Umræður í hópum

14. nóvember 2022 - Tjörnin – frístundamiðstöð

Dagskrá:

- Morgunverður og spjall
- Hvernig gengur? - Kynning leikskóla á áhersluþáttum í verkefninu
- Dagskipulag, tími og flæði
- Umræður í hópum

6. janúar 2023 – Þjóðarbókhlaðan – allt starfsfólk leikskólanna

Dagskrá:

- Kynningar leikskólanna á þróun starfsins – umræður og vangaveltur
- Kaffihlé
- Sjálfsprottinn leikur og hlutverk leikskólakennara - Bryndís Gunnarsdóttir , aðjúntkt við HI
- Næstu skref – fundir framundan og sýnilegur afrakstur

13. febrúar 2023 - Tjörnin – frístundamiðstöð

Dagskrá:

- Morgunverður og spjall

- Námsumhverfið og leikefnið
- Umræður í hópum

20. mars 2023 - Tjörnin – frístundamiðstöð

Dagskrá:

- Morgunverður og spjall
- Raddir barna og áhrifamáttur
- Umræður í hópum

19 – 23. apríl 2023 - Heimsókn til Stokkhólms

17. maí 2023 - Tjörnin – frístundamiðstöð

Dagskrá:

- Hver leikskóli dregur saman sýnilegan árangur af verkefninu í vetur og kynnir, 15 mínútur hver leikskóli.
- Umræða um Stokkhólmsferðina, hver leikskóli er með stutta samantekt úr sínum leikskóla byggt á gátlista sem unnið var með í heimsóknum í Stokkhólmi.
- Umræða um næsta vetur.

Stokkhólmsferðin var liður í að ljúka fyrsta vetri verkefnisins og skoða sérstaklega starf leikskóla sem vinna með virkt hlutverk starfsfólks í leik barna, námsumhverfið og barnahópin. Tveir leikskólar voru heimsóttir og hlustað á fyrirlestra um félagslega sjálfbærni í leik og virkt hlutverk starfsfólks í leik barna (sjá mynd 6). Tekin voru fyrstu skrefin í að undirbúa frekari samvinnu leikskólanna veturinn 2023-2024 með reglulegum heimsóknum starfsfólks sem styrktar verða af Erasmusplús og sameiginlegri þemavinnu leikskólanna um leik barna



Mynd 6. Heimsókn í leikskóla í Stokkhólmi og fyrirlestrar haldnir

Greinargerð um notkun styrkfjár

Vegna veikinda verður greinargerð um ráðstöfun styrkfjárhæðar send inn sérstaklega.

Næstu skref

Þátttakendur í verkefninu munu halda áfram að vinna saman að þróunarverkefni veturinn 2023-2024 undir yfirskriftinni **Virgni starfsfólks í hlutverkaleik barna** í samvinnu við fjóra leikskóla í Stokkhólmi.

Félagsleg sjálfbærni og leikur

- Hver eru tengsl leiks við félagslega sjálfbærni?
- Hvaða eiginleikar er mikilvægt að börn þrói með sér fyrir félagslega sjálfbæra framtíð?
- Hvernig getur starfsfólk leikskóla stutt við leik barna?
- Hvaða tækifæri fá börn til að leika hlutverkaleik og ímyndunarleik í leikskólanum?
- Hvernig styður námsumhverfið við hlutverkaleik og ímyndunarleik barna?

Framkvæmd

Fjögur leikskólapör (einn leikskóli í Reykjavík + einn leikskóli í Stokkhólmi)

Tveir starfsmenn frá hverjum leikskóla taka þátt í þjálfun (Erasmusplus)

Vinna með sameiginlega sögu – hvert par velur sér sögu.

Þjálfunin fer fram frá mánudegi til fimmtudags. Föstudagur nýttur til ígrundunar og mats.

Móttökuaðilinn skipuleggur heimsóknina og leikinn.

Rannsakendur eru Robert Lecusay og Eva Hallberg frá Stokkhómsháskóla og Anna Magnea Hreinsdóttir, Rannveig Börk Þorkelsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir frá Háskóla Íslands og taka þeir þátt í ígrundun og mati ásamt því að styðja við ferlið og skrá, t.d. með fyrirlestrum, leikþjálfun og skráningum.

Reglulegir fundir

13. september 8:30 – 10:30 Tjörn

11. október 8:30 – 10:30 Grandaborg

8. nóvember 8:30 – 10:30 Gullborg

Janúar hálfur dagur starfsmannafundur

14. febrúar 8:30 – 10:30 Laugasól

13. mars 8:30 – 10:30 Ægisborg

10. apríl 8:30 – 10:30 Tjörn

Afrakstur og kynning

Árangur verkefnisins var metinn jöfnum höndum eftir hvern fund. Það var meðal annars gert í lýðræðislegri samræðu starfsfólks.

Ávinningur verkefnisins er fyrst og fremst aukinn þekking innan leikskólanna á heppilegum aðferðum til að auka þátttöku og virkni barna í daglegu starfi. Gerð verða stutt myndbönd í samstarfi við Mixtúru með skilaboðum til leikskólasamfélagsins og nýrra starfsmanna skólanna um þá leik, nám og gleði. Þau ættu einnig að nýtast sem kveikja að umræðu á deildarfundum. Einnig verða fundnar fleiri leiðir til að koma skilaboðunum á framfæri, svo sem námsefni og kynningarefnis fyrir verkfærakistu Menntastefnunnar.

Ávinningur verkefnisins fyrir börnin í leikskólunum er að hlutverk kennara og annars starfsfólks hefur orðið skýrara um að hlusta á hugmyndir barnanna með því að skoða og skrá leik þeirra og bregðast við áhugasviði þeirra með breytingum á skipulagi leikumhverfis og leikefnis. Einnig að aðlaga stuðning kennara frá því að vera of stýrandi eða of afskiptalaus yfir í að styðja við svæði mögulegs þroska og virkja barnahópinn í þeim stuðningi.

Miðlun verkefnisins fer fram á starfsmannafundum í leikskólunum. Einnig verður verkefninu miðlað á sameiginlegum leikskólastjórafundum hjá Reykjavíkurborg. Áætlað er að skrifa grein um verkefnið og framgang þess í ritrýndu tímariti. Að auki að kynna það á Menntakviku.

Eins og fram hefur komið er fyrirhugað að vinna áfram að verkefninu veturinn 2023-2024 í samtarfi við fjóra leikskóla í Stokkhólmi og fræðimenn við Stokkhólmsháskóla. Einnig munu fleiri aðilar koma að verkefninu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands varðandi leikræna tjáningu og virkt hlutverk starfsfólks í leikheimi barna.

20. maí 2023

Anna Magnea Hreinsdóttir

amh@hi.is

Heimildir

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman.

<http://hdl.handle.net/1946/4331>

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar? Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). RannUng; Háskólaútgáfan.

Clark, A. (2020). Towards a listening ECEC system. Í C. Cameron og P. Moss (ritstjórar), *Transforming early education in England: Towards a democratic education* (bls. 134–151). UCL Press.

Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. National Children's Bureau; Rowntree Foundation.

Clark, A. og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. National Children's Bureau.

Corsaro, W. (2005). *The Sociology of Childhood*. Pine Forge Press.

Corsaro, W. A. (2003). *We're friends, right? Inside kids' culture*. Joseph Henry Press.

Jenks, C. (2005). *Childhood*. Routledge.

Jóhanna Einarsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjóarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun* 29(2), 113–131.

L. Lundy, L. (2007). "Voice" is not enough: conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child", *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942.

Lundy, L., McEvoy, L. og B. Byrne. (2011). Working With Young Children as Co-Researchers: An Approach Informed by the United Nations Convention on the Rights of the Child, *Early Education & Development*, 22(5), 714-736.

Welty, E. og L. Lundy. (2013). "A children's rights-based approach to involving children in decision making", *Journal of Science Communication*, 12(3): C02.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*.

Mihaly Csikszentmihalyi, Harper og Row. (1990). *FLOW: The Psychology of Optimal Experience*. Global Learning Communities.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1992).

<https://www.althingi.is/lagas/150b/1992018.2c5.html>